

Landbótasjóður Fljótsdalshrepps
Ársskýrsla stjórnar 2007

Skýrsla stjórnar

Kosin var ný stjórn Landbótasjóðs á árinu og er hún í dag skipuð eftirfarandi mönnum:

Jóhann F. Þórhallsson Formaður, Brekkugerði
Sigmar Ingvason Ritari, Valbjófsstað 1
Lárus Heiðarsson Gjaldkeri, Droplaugarstöðum

Stjórnir sjóðsins funduðu fjóru sinnum á árinu. Samdar voru úthlutunarreglur og auglýst eftir umsóknum í sjóðinn í fyrsta skipti. Bárust fimm umsóknir og voru fjórar samþykktar en ein umsóknin þurfti betri undirbúnings og frekari útfærslu. Úthlutun af fjármunum sjóðsins á árinu 2007 nam um 547 þús kr., en heimild til ráðstöfunar á árinu samkvæmt ákvæðum skipulagsskrár nam 3.349 þús. kr og er því óráðstöfuð heimild ársins um 2.802 þús. kr.

Framkvæmdir 2007

Eftirfarandi 4 verkefni voru samþykkt:

- Eyrarland áburðargjöf á rýrt land og mela, stærð svæðis er um 12 ha.
- Hrafnkelsstaðir sáning á grasfræi og áburðargjöf á gróðurlitla mela, stærð svæðis er um 8 ha.
- Víðivellir-Fremri áburðargjöf til að styrkja gróður á rýru mólendi með rofi í. Stærð svæðis er um 9 ha.
- Sturluflöt áburðargjöf á rýrt og rofið land, stærð svæðis er um 6 ha.

Þrátt fyrir að ekki hafi borist fleiri umsóknir í sjóðinn hafa stjórnarmenn orðið var við mikinn áhuga hjá bændum í hreppnum. Ástæðan fyrir að ekki bárust fleiri umsóknir er trúlega að stjórnin auglýsti seint og hafa margir bændur verið búnir að skipuleggja vorverkin. Stjórnin vonast eftir fleiri umsóknum á árinu 2008 og verður send út auglýsing fljótlega.

Végarður 27.03.2008

Framkvæmdir á vegum Landbótasjóðs Fljótsdalshrepps 2007

